

Nd.

147. Nefndarátt

um frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, ásamt þeim breyttill., sem fram hafa komið við það á þskj. 51, 55 og 69. Nefndin leitaði álits vegamálastjóra um frv. og breyttill. Lagði hann á móti því, að nokkur breyting yrði gerð á vegalögunum að svo stöddu. Taldi hann þó breytingu þá, sem frv. fer fram á, ekki ósanngjarna, en sagði, að ef hún yrði að lögum, þá leiddi af henni allmikill kostnaður fyrir ríkissjóð, sem myndi nema um 10000 kr. á ári. Breytingartillögunum kvaðst vegamálastjóri þó vera sjerstaklega mótfallinn.

Meiri hluta nefndarinnar er það fullljóst, að ef frv. verður að lögum, þá leiðir af því nokkur kostnaður fyrir ríkissjóð. En þar sem það er sjáanlegt, að það var gloppa á vegalögunum, þegar þau voru samin, að telja ekki þennan veg, sem frumvarpið ræðir um, á meðal þjóðvega, þá telur meiri hlutinn rjett, að þessi misfella verði nú leiðrjett, og ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið.

Hinsvegar getur meiri hlutinn ekki mælt með því, að breyttill. verði samþykktar.

Alþingi, 16. mars 1923.

Sveinn Ólafsson,
form.

Þorsteinn Jónsson,
skrifari og framsm.

Pjetur Þórðarson.

Lárus Helgason.